

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG

um vísitölu byggingarkostnaðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna og birta vísitölu byggingarkostnaðar. Vísitalan skal reist á þeim grunni sem Hagstofan ákveður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Grunnur vísitölunnar skal miðaður við tiltekna gerð íbúðarhúsnæðis. Auk þess er Hagstofunni heimilt að reikna vísitölur sem miðast við aðrar gerðir húsa, byggingarmannvirkja eða hluta þeirra.

2. gr.

Vísitala byggingarkostnaðar skal miðuð við byggingarkostnað á höfuðborgarsvæði. Vísitalan skal reiknuð samkvæmt verðlagi um miðjan hvern mánuð og gilda í mánaðartíma frá fyrsta degi mánaðarins næsta eftir útreikningsmánuð. Vísitalan skal reiknuð og birt með einum aukastaf.

3. gr.

Hagstofan skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á grundvelli vísitölunnar með hliðsjón af breytingum á byggingarháttum, byggingarefnum svo og á tilhögun launagreiðslna, verðskráningar og útreikninga.

Sé ákveðið að breyta um grunn vísitölunnar skal Hagstofan ákveða og birta opinberlega hvernig vísitalan, miðuð við hinn nýja grunn, skuli tengd eldri vísitölum byggingarkostnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 18/1983, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. þessara laga um mánaðarlegan útreikning og gildistíma vísitölu byggingarkostnaðar breyta ekki gildi ákvæða um verðbætur í skuldabréfum, verksamningum og þess háttar sem sett eru í samræmi við fyrri lög um vísitölu byggingarkostnaðar. Sé ekki um annað samið skulu þær verðbætur, sem hér um ræðir, því miðast við vísitölur sem gilda í mánuðunum janúar, apríl, júlí og október og skal hver vísitala þá gilda í þrjá mánuði hvert sinn.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 43

30. mars 1987

LÖG**um lögskráningu sjómanna.****HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI**Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.****1. gr.**

Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

Lögskráning fer fram á útgerðarstað skips.

2. gr.

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

Heimilt er að lögskrá aðra en skipverja þann tíma sem viðkomandi dvelja um borð í skipi sem er í förum enda leggi þeir fram yfirlýsingu tryggingafélags um líf- og slysatryggingar.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík er tollstjóri lögskráningarstjóri. Utan heimilisþinghár sinnar er lögreglustjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð ef þess gerist þörf.

Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar lögreglustjóra skv. 1. mgr. skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til lögreglustjóra um lögskráningar í umdæmum sínum eigi